

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

9. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga þriðjudaginn 4. september árið 2007. Fundurinn var haldinn á hreppsskrifstofu Þingeyjarsveitar að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi ritaði fundargerð.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:
Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 1. Erindi frá Ásgeiri Kristjánssyni, Garðarsbraut 26, Húsavík**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús í Birkilandi, lóð nr. 4, í landi Voga III, Skútustaðahreppi. Húsið er timburhús 58,1 m² að stærð. Erindið var áður tekið fyrir á fundi nefndarinnar 24. maí s.l. og þá frestað.
Byggingarnefnd telur húsið í samræmi við samþykkt deiliskipulag og samþykkir því erindið gegn því að fullnægjandi teikningum verði skilað til byggingarfulltrúa.
- 2. Erindi frá Sólveigu Pétursdóttur, Skútahrauni 16, Skútustaðahreppi**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir gestahús á lóð íbúðarhússins að Skútahrauni 16. Húsið er bjálkahús 9 m² að stærð.
Byggingarnefnd fellst á erindið.
- 3. Erindi frá Elínu Björk Einarsdóttur, Stóru-Laugum, Þingeyjarsveit**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir heitan pott við gistihúsið að Stóru-Laugum..
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda telur hún skilgreinda uppbyggingu pottsins í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
- 4. Erindi frá Eiði Gunnlaugssyni f.h. Miðpunkts ehf. Fjölnisgötu 1b, Akureyri**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á 8 ha landi Miðpunkts ehf. úr landi Laugabergs í Þingeyjarsveit. Húsið er 54 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni.
Byggingarnefnd samþykkir erindið svo fremi að ekki komi fram athugasemd við grenndarkynningu. Björgunarop skal vera á svefnherbergi skv. gr. 115.5 í byggingarreglugerð. Umsækjandi skal framvísa samþykki Vegagerðarinnar fyrir útafkeyrslu af tengivegi.
- 5. Erindi frá Baldvini Kr. Baldvinssyni, Torfunesi, Þingeyjarsveit**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir reiðskemmu norðan hlöðunnar í Torfunesi. Húsið er stálgrindarhús 800 m² að stærð.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með þeim fyrirvara að lóðarréttindi séu staðfest.
- 6. Erindi frá Ásvaldi Ævari Þormóðssyni, Stóru-Tjörnum, Þingeyjarsveit**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir fjós að Stóru-Tjörnum. Húsið er 480,0 m² stálgrindarhús á steiptum grunni. Teikningar eru frá Alteikningu ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið svo fremi að ekki komi fram athugasemd við grenndarkynningu.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

7. **Erindi frá Ásvaldi Ævari Þormóðssyni, Stóru-Tjörnum, Þingeyjarsveit**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir nýju haughúsi sem tengir saman eldra fjós og nýtt. Um er að ræða steinsteypt mannvirki sem að mestu verður neðanjarðar. Teikningar eru frá Valbirni Vilhjálmsyni og yfirfarnar og samþykktar af Gauki Hjartarsyni byggingarverkfræðingi.
Byggingarnefnd samþykkir erindið svo fremi að ekki komi athugasemd við grenndarkynningu.
8. **Erindi frá Vilhjálmi Jóni Valtýssyni, Birkimel, Þingeyjarsveit, f.h. Jarðverks ehf.**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir vélageymslu á lóð úr landi Stóru-Tjarna. Húsið er stálgrindarhús á steypum grunni, 322,1 m² að stærð. Teikningar eru frá HS-Hönnunar Setrið ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits.
9. **Erindi frá Erni Baldurssyni hjá Úti og inni sf. f.h. Péturs Bjarnasonar**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð úr landi Fremstafells, Þingeyjarsveit. Byggingarefni steinsteypa og timbur. Stærð hússins er 130,5 m². Teikningar eru unnar af Jóni Þór Þorvaldssyni hjá Úti og inni sf.
Byggingarfulltrúa er falið að grenndarkynna erindið fyrir eigendum Fremstafells. Umsækjandi þarf að skila inn afriti þinglýsts lóðarsamnings. Björgunarop þarf út úr svefnherbergjum. Byggingarnefnd samþykkir erindið svo fremi að ekki komi athugasemd við grenndarkynningu.
10. **Erindi frá Stefáni Jónssyni, Brekkusíðu 5, Akureyri**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús að Höfðabyggð B 14, Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er 68,5 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Antoni Erni hjá AVH, Akureyri.
Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að grenndarkynna erindið lóðarhöfum að B12, B05 og B07. Komi ekki athugasemd við grenndarkynningu samþykkir byggingarnefnd erindið.
11. **Erindi frá Herði Árnasyni, Bjarmastíg 5, Akureyri**
Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús að Höfðabyggð E 16, Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er 100 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Tryggva Tryggvasyni á Opus ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda húsið í samræmi við deiliskipulag.
12. **Kristínu M Jónsdóttur, Hjaltastöðum, Þingeyjarsveit**
Óskað er eftir leyfi til að breyta gamla íbúðarhúsinu á Finnsstöðum aftur í íbúðarhús, en það hefur til skamms tíma verið skráð sem geymsla.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
13. **Erindi frá Sigurði Marteini Sigurðssyni, Arnarsíðu 2d, Akureyri**
Óskað er eftir leyfi til að byggja frístundahús á lóð nr. 6 í landi Arnstapa, Þingeyjarsveit. Húsið er á tveimur hæðum, timburhús á steypum kjallara, samtals 157,4 m² að stærð.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
14. **Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík varðandi vínveitingaleyfi á Stóru Laugum**
Óskað er umsagnar vegna vínveitingaleyfis til handa Stóru-laugum ehf á Stóru Laugum í Þingeyjarsveit.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

15. Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík varðandi veitingarekstur að Ýdölum

Óskað er eftir umsögn um rekstur veitingastofu og leyfi til áfengisveitinga að Ýdölum, Aðaldælahreppi.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

16. Erindi frá Stelli Rósu Gústafsdóttur, Grenilundi 6, Akureyri

Óskað er eftir leyfi til að setja glugga á suðurstafn frístundahúss á lóð nr. A01 í Lundsskógi í Þingeyjarsveit.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

17. Erindi frá Ingibjörgu Sigtryggisdóttur, Skipuholti 60, Reykjavík

Óskað er eftir leyfi til breytinga á frístundahúsalóð 21 í landi Skóga í Fnjóskadal. Breytingar felast í:

- a) Breyting á glugga framhliðar og tilfærsla á vegg.
- b) Bygging geymsluskúrs við suðvesturhlið.
- c) Settur heitur pottur í sv-hluta palls.
- d) Byggt verði gestahús 21,1 m².

Byggingarnefnd samþykkir erindin. Merkja skal björgunarop út úr gestahúsi. Heitur pottur skal fullnægja ákv. 69. gr. byggingarreglugerðar.

18. Erindi frá Sigrúnu Hreinsdóttur, University of Arizona

Óskað er eftir leyfi fyrir að setja upp tvær GPS landmælingastöðvar í Þingeyjarsveit. Önnur er við Kiðagilsdrög og hin uppi á Fjórðungsöldu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leiti en bendir umsækjanda á að afla samþykkis landeigenda.

19. Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík

Óskað er eftir umsögn um endurnýjun leyfa til veitingareksturs að Hótel Reynihlíð og Gamla Bæ. Sótt er um leyfi fyrir hótél, veitingahús skemmtistað, veitingastofu, veislupjónustu, krá og kaffihús.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

Fleira ekki bókað.

Fundi lauk kl. 15⁴⁵.

Jóhannes Steingrímsson
Kolbeinn Kjartansson
Kristján Snæbjörnsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi